

---

---

## FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 4. DESEMBER 2019

---

---

**MÆTTIR:** EDDA BJÖG SIGURÐARDÓTTIR, GUÐRÚN DÓRA, ELFA HRÖNN FRÍÐRIKSDÓTTIR,  
HJÖRTUR FOELDRAFULLTRÚI OG TÓMAS ÞÓR JACOBSEN

Þriðjudaginn 9. október kl. 14:00 kom skólaráð saman til 2. fundar ársins 2019 í Sjúlandsskóla.

### **FUNDARGERÐ**

#### **1. Félagsstarfið í Klakanum**

Tómas Þór fór yfir það hvernig starfið í Klakanum gengur það sem af er þessum vetri. Hann er ánægður með mætingu hjá nemendum í Klakann en rúmlega 60% nemenda unglíngadeildar koma á kvöldopnanir, enn fleiri þegar um skipulega viðburði er að ræða. Krakkarnir voru mjög ánægðir með viðburð sem haldinn var á vegum Klakans og Elítunnar á Álftanesi nýlega. Það eru 26 krakkar að taka þátt í leikritinu, bæði sem leikarar, sviðsmenn og vegan tónlistar í sýningunni. Æfingar á því ganga mjög vel. Frumsýning er föstudaginn 6. desember. Verið er að æfa Mamma Mia. Leikritið er 40-60 mínútur að lengd, Generalprufan er næstkomandi fimmtudag og þá kemur endanlega í ljós hversu langt atriðið er í heild. Það verður sýnt í morgunsöng í næstu viku. Jólaskemmtun Klakans verður 12. desember. Þá verður jólamatur, ísbar og skemmtiatriði. Í miðdeildarstarfið er mjög góð mæting. Nemendur eru það margir á opnum húsum í miðdeild að skipta þarf upp starfinu á milli árganga.

#### **2. Niðurstöður samræmdra prófa**

Edda fór yfir niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. Mikil ánægja er með niðurstöðurnar hjá okkur í Sjúlandsskóla. Talan 30,6 er meðaltal 4. bekkjar í íslensku og 30,5 í stærðfræði. Í 7. bekk er heildartalan í íslensku 32,4 og 33,7 í stærðfræði. Það eru tveir skólar í sömu stærð á landinu hærra heldur en við. Skólinn er mjög hár á landsvísu í 7. bekk í Sjúlandsskóla. Mikil ánægja er með niðurstöður prófanna í báðum árgöngum. Þegar verið er að velta fyrir sér heildarárangri skólans þá er nauðsynlegt að horfa á 5 ár í einu. Hvernig er unnið með upplýsingarnar? Greining er gerð fyrir hvern einstaka nemanda og gerðar áætlanir. Þegar heilir árgangar skera sig verulega úr er farið í saumana á því og breytingar gerðar t.d. á námsefni, kennsluaðferðum eða þar sem þurfa þykir. Í unglíngadeild voru nemendur að koma lægra út í skólaeinkunn en niðurstöður samræmdra prófa sýndu í vor

#### **3. Fjárhagur skólans**

Það liggja engar upplýsingar fyrir um fjárhag skólans á þessum tímavarki því aukafjármagn hefur ekki verið reiknað inn í heildartöluna og það kemur yfirleitt ekki í

ljós fyrr en í febrúar hvernig staðan er. Skólinn er líklega á núlli eins og staðan er núna. Flóknast er að reka skóla eins og þann sem er af okkar skólastærð þ.e. miðað við fjölda nemenda en kostanður vegna íþróttahúss og rekstri þess er verulegur í hita og rafmagni.

#### 4. Tómstundaheimilið

Í Sælukoti eru u.þ.b. 90 börn úr Sjálandsskóla, Alþjóðaskólinn er með um 15 börn. Starfið hefur verið brotið upp í vetur þ.e. búnar hafa verið til stöðvar fyrir einstaklinga sem eiga erfitt með að vinna í stórum hópum barna þar sem áreiti er mikið. Það hefur gengið mun betur. Það er mikill hraði og hlaup í Sælukoti þegar koma þarf börnum á valstöðvar, í frístundabíl og af ýmsum ástæðum. Unnur Edda verður forstöðumaður í Sælukoti í vetur. Við höfum verið fullmönnuð frá fyrsta degi á þessu skólaári en það er mjög ánægjulegt.

#### 5. Sérkennsla í vetur

Bætt var inn í sérkennsluna. Það fá allir krakkar í 3.-7. bekk 6 tíma í skák í vetur. Skákin hefur gengið mjög vel. Settir voru inn auka smíðatímar hjá sérkennslunemendum. Auka hreyfing fyrir nemendur sem þola illa að taka þátt í íþróttatímum. Markmiðið er að fjölga þessum tímum á næsta skólaári. Sérkennslutímar sem snúið hafa að hreyfingu og listgreingum hafa verið vel nýttir og nemendur sá hafa fengið slíka tíma líkar þeir vel. Önnur sérkennsla á hverju stigi er einnig fyrir hendi eins og áður. Aukatímarnir eru hrein viðbót.

#### 5. Önnur mál

Foreldrafélagið er að undirbúa það sem þarf á næstu dögum, vikum og mánuðum. Jólaverkefnið er í fullum gangi, 18. desember er dagurinn sem hefur verið valinn í þetta verkefni. Grunnstoð hittist og það hefur verið unnið með bænaskjalið sem lagt er fyrir bæjarstjóra. Foreldrafélagið óskar eftir tillögum um áherslur frá skólanum. Stjórnendur leggja til að farið verði með óskir um bætingu á leikaðstöðu á skólalóðinni í bænaskjalið. Hegðunarvandi og símanotkun, afstaða foreldra könnuð til þess að sporna við notkun snjalltækja í skólastarfinu. Skólinn óskar eftir umræðu um það frá grunnstoð. Einnig hefur komið tillaga um gangbrautavörslu og betra aðgengi að skólanum. Öryggismál varðandi veitingastaðinn og sameiginlega notkun á bílastæðum með skólanum verður lagt fyrir fund grunnstoðar og aftur tekið upp með bæjarstjóra. Foreldrafélagið mun beita sér fyrir því að sameiginlegt bílastæði verði ekki niðurstaðan því það skapar hættu á skólalóðinni.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði:

**Sesselja Þóra Gunnarsdóttir**

